

128 — *Ágrip af bræfi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir að*
 26. ágúst kenna málleysingjum. — Prestinum að Stafafelli sira Páli Pálssyni var veitt 30 kr. þóknun úr landssjóði fyrir hvern málleysingja, er hann hafði haft til kennslu árin 1878 og 1879; en þeir höfðu verið 5 hvort árið, og voru tjeðum presti því alls veittar 300 kr. Stiptsyfirvöldin skulu við árslok senda landshöfðingja skýrslu um, hvernig kennslan hafi verið af hendi leyst.

129 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
 29. ágúst organsnám. — Með því að Magnús Einarsson, organsleikari á Akureyri hefir farið þess á leit, að hann fái 200 kr. styrk til þess að nema betur organsleik erlendis, vil jeg biðja yður, herra amtmaður, að tjá beiðandanum, að eptirleidis muni varla koma til tals að veita styrk til organsnáms erlendis, þar sem ráð er gjört fyrir því í fjárlögum þeim, er alþingi nú hefir samþykkt, að organsleikaranum í Reykjavík verði lögð árleg laun fyrir að veita öðrum organsleikurum þá tilsoðn, er þeir kynnu að þurfa með.

130 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
 30. ágúst þvergirðingar í Elliðaám. — Í bræfi ráðgjafans fyrir Ísland frá 26. maí 1877 (stjórnartíðindi s. á. B 86) var tekið fram, að eins og hæztarjettardómur frá 16. febr. 1875 hefði ákveðið, að fyrirmæli Jónsbókar væru því ekki til fyrirstöðu, að H. Th. A. Thomsen, kaupmaður og eigandi laxveiðinnar í Elliðaánum, þvergirti þessar ár, þannig yrði hann einnig sökum sambandsins milli viðaukalaganna 11. maí 1876 og 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar að hafa þenna rjett, eptir að lög 11. maí 1876 hefðu náð gildi. Það hefir því ekki verið neitt tilefni fyrir umboðsstjórnina til þess að æskja úrskurðar dómstólanna um það, hvort 2. gr. í nefndum lögum yrði heimfærð á Elliðaárnar eða ekki, en þessi spurning er í eðli sínu dómsmál; og heldur ekki er mjer kunnugt, að nokkur einstakur maður, er kynni að hafa álitit rjetti sínum of nærri gengið með tjeðum ráðgjafa úrskurði, hafi lagt þessa spurningu fyrir dómstólana, þó það sje vitaskuld, að áminnzt brjef hafi ekki getað varnað því.

Með því nú að neðri deild alþingis hefir í þingsályktun viðvíkjandi laxveiðinni í Elliðaám skorað á landshöfðingja meðal annars að fá spurninguna um gildi hinnar áminnztu ákvörðunar í 2. gr. laga 11. maí 1876 algjörlega útkljáða með tilliti til Elliðaánna, — vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að opinbert lögreglumál verði höfðað á hendur H. Th. A. Thomsen kaupmanni fyrir að hafa þvergirt Elliðaárnar, svo að hann, ef hann skyldi verða álitinn að hafa brotið gegn fyrirmælum lagaþnna verði látinn sœta ábyrgð þar fyrir.

Jeg bið mjer á sínum tíma senda þóknanlega skýrslu um það, sem fram fer í þessu máli.

131 — *Brjef landshöfðingja til sýslunefndarinnar í Skagafirði um styrk handa*
 9. sept. kvennaskóla. — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar vil jeg hjer með af sje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veita hinum skagfirska kvennaskóla 200 kr. styrk fyrir þetta ár með því skilyrði, að sýslunefndin leggi skólanum að minnsta kosti jafnmikla upphæð úr sýslusjóði.